



Borgarráð

Reykjavík, 16. september 2025

MSS25090058

Samningur við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála 2026

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagðan þjónustusamning við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands fyrir árið 2026. Samningurinn er til eins árs. Kostnaður samkvæmt samningnum er 2.750.000 kr. sem færist á kostnaðarstað 09510 - ýmsar samningsbundnar greiðslur.

Greinargerð:

Reykjavíkurborg og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands hafa átt með sér samstarf allt frá árinu 2003. Markmið samstarfsins er gagnkvæmur ávinningur þar sem Reykjavíkurborg styrkir starf Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála sem veitir borginni ráðgjöf og aðstoð við sértæk valin verkefni samkvæmt nánara samkomulagi.

Heiða Björg Hilmysdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Þjónustusamningur milli Reykjavíkurborgar og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands.

Greinargerð um ráðstöfun styrks frá Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands fyrir árið 2024.



Reykjavík

Þjónustusamningur

milli Reykjavíkurborgar og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands

1. gr. Samningsaðilar og markmið samnings

Reykjavíkurborg og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands hafa haft með sér samstarfssamning frá árinu 2003. Markmið samstarfsins er gagnkvæmur ávinningur þar sem Reykjavíkurborg styrkir starf Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála sem veitir borginni ráðgjöf og aðstoð við sértæk valin verkefni samkvæmt nánara samkomulagi. Aðilar eru sammála um að halda áfram samstarfi sínu og gera með sér þjónustusamning um áherslur í samstarfi sínu fyrir árið 2026.

2. gr. Þjónusta

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála veitir Reykjavíkurborg eftirfarandi þjónustu árið 2026:

1. **Þjónustuverkefni.** Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála taki að sér þjónustuverkefni fyrir Reykjavíkurborg skv. nánara samkomulagi. Vinnuframlag stofnunarinnar nemi allt að einum mann mánuði á gildistíma samningsins. Miða skal við að samkomulag um útfært þjónustuverkefni liggi fyrir við undirritun samnings, fyrir starfsárið.
2. **Stjórnsýsluskóli.** Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála hefur starfrækt stjórnsýsluskóla síðastliðin ár og hafa starfsmenn borgarinnar sótt fjölmörg námskeið á hans vegum. Fjölbreytt námskeiðahald er áfram fyrirhugað á gildistíma samningsins og mun starfsmönnum borgarinnar verða boðin þátttaka. Fræðsludagskrá liggur fyrir í upphafi hvors misseris. Starfsmenn Reykjavíkurborgar fá 30% afslátt af námskeiðum og málþingum sem haldin eru á vegum stofnunarinnar á samningstímanum. Samningsaðilar munu jafnframt skoða leiðir til að formgera samstarf stjórnsýsluskóla stofnunarinnar og Stjórnenda- og stjórnsýsluskóla Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg aðstoði við að kynna námsframboð stofnunarinnar eftir því sem við á.
3. **Hagnýt rannsóknarverkefni.** Samningsaðilar geta báðir haft frumkvæði að samstarfi um hagnýt rannsóknarverkefni sem nýtist bæði Reykjavíkurborg og nemendum Háskóla Íslands.

4. **Málþing og opnir fundir.** Stofnunin stendur árlega fyrir málþingum og opnum fundum þar sem fjallað er um ýmis stjórnsýslutengd málefni. Slíkir fundir hafa stundum verið haldnir í samstarfi við Reykjavíkurborg og geta aðilar áfram haft samstarf um slík fundahöld.

3. gr. Fjárhagsskuldbindingar og greiðslur

Samstarfssamningur þessi gildir fyrir árið 2026. Reykjavíkurborg greiðir Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála kr. 2.750.000 á árinu fyrir framangreinda þjónustu. Greiðslur fara fram 15. maí kr. 1.500.000 og 15. október kr. 1.250.000 gegn framvísun reikninga.

4. gr. Ábyrgðaraðilar og tengiliðir

Umsjón og eftirlit með framkvæmd samnings þessa er hjá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara hjá Reykjavíkurborg. Forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála hefur umsjón með framkvæmd samningsins fyrir hönd stofnunarinnar og er tengiliður hennar við Reykjavíkurborg. Sérstakir tengiliðir verða skipaðir vegna einstakra verkefna.

5. gr. Eftirlit, eftirfylgni og kynningarmál

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála skal skila greinargerð að loknu starfsári um ráðstöfun fjárframlags Reykjavíkurborgar og framvindu samstarfs, í síðasta lagi 1. mars, og ársreikningi stofnunarinnar þegar hann liggur fyrir þó eigi síðar en 30. september. Í samræmi við samþykkt borgarráðs frá 26. maí 2016 skal styrkþegi í greinargerð um ráðstöfun fjárframlags skila kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar og sérstaklega verði greint frá því hvaða áhrif framlagið hefur á stöðu jaðarsettra hópa fólks sbr. mannréttindastefna Reykjavíkurborgar. Samráðsfund skal halda þar sem farið er yfir framkvæmd samningsins og verkefnaáætlun komandi starfsárs.

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála skal halda kynningu á því verki sem fjárveiting fór til án sérstakrar þóknunar sé eftir því óskað af Reykjavíkurborg. Stofnunin skal upplýsa í kynningum á starfsemi sinni að hún njóti fjárframlaga frá Reykjavíkurborg.

6. gr. Eignarréttur og höfundarréttur

Reykjavíkurborg er eigandi gagna sem myndast við vinnslu verkefna samkvæmt samningi þessum. Þeim má ekki dreifa eða afhenda án heimildar Reykjavíkurborgar sem fer með höfundarrétt hugverka og útgáfurétt rita. Fulltrúar stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála skulu virða trúnað og þagnarskyldu um störf sín fyrir Reykjavíkurborg.

7. gr. Fyrirvarar, vanefndir og meðferð deilumála

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki borgarráðs.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningi þessum og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu styrkþega. Telji annar samstarfsaðili sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal tilkynnt um það tafarlaust skriflega. Ef fjárframlag frá Reykjavíkurborg er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhögg við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar áskilur borgin sér rétt til að rifta samningum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað.

Rísi mál vegna efnda samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

8. gr. Framsal

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála er með öllu óheimilt að framselja skyldur sínar samkvæmt samningi þessum án samþykkis Reykjavíkurborgar.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík, [dags.] september 2025

F.h. Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála

F.h. Reykjavíkurborgar

Vottar að rétttri undirskrift, dagsetningu:

Nafn kt.

Nafn kt.

Greinargerð vegna þjónustusamnings Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála og Reykjavíkurborgar fyrir starfsárið 2024.

Dagsetning: 27. janúar 2024.

Til: Reykjavíkurborgar / B.t. Þorsteins Gunnarssonar borgarritara.

Frá: Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við HÍ / Gústafi Adolf Skúlasyni, forstöðumanni.

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands og Reykjavíkurborg skrifuðu undir þjónustusamning vegna ársins 2024 í desember árinu áður. Í samræmi við 5. gr. samningsins skilar stofnunin hér greinargerð að loknu starfsárinu 2024 um ráðstöfun fjárframlags Reykjavíkurborgar og framvindu samstarfs.

Þjónustusamningurinn kveður á um að stofnunin veiti Reykjavíkurborg eftirfarandi þjónustu: **1)** Þjónustuverkefni, skv. nánara samkomulagi; **2)** Stjórnsýsluskóla, þ.e. að starfsfólk borgarinnar fái 30% afslátt af námskeiðsgjöldum og málþingum hjá stofnuninni; **3)** Hagnýt rannsóknarverkefni, þ.e. að samningsaðilar geti báðir haft frumkvæði að samstarfi um hagnýt rannsóknarverkefni sem nýtist bæði Reykjavíkurborg og nemendum Háskóla Íslands. **4)** Málþing og opna fundi, þ.e. að stofnunin og Reykjavíkurborg geti haft samstarf um málþing og opna fundi þar sem fjallað er um stjórnsýslutengd málefni.

- 1) Í lok nóvember 2023 óskaði borgarritari eftir að stofnunin legði mat á árangur og mögulegt framhald og/eða hýsingu verkefna sem kölluð hafa verið Rannsóknarþjónusta borgarinnar, þ.e. þátttaka borgarinnar í nokkrum fjölþjóðlegum rannsóknar- og nýsköpunarverkefnum. Verkefnið var að mestu unnið í janúar og febrúar 2024 þegar 22 bls. skýrslu var skilað til borgarinnar með greiningum og ábendingum. Skýrslan byggði m.a. á ýmsum gögnum frá skrifstofu borgarinnar, af vefsíðu hennar og frá umræddum fjölþjóðlegum verkefnum, en þó ekki síst á hátt á annan tug viðtala við starfsfólk borgarinnar og samstarfsaðila sem þekktu til umræddra verkefna. Forstöðumaður stofnunarinnar kynnti skýrsluna á fundi forsætisnefndar borgarstjórnar þann 1. mars.

Þá vann Trausti Fannar Valsson, stjórnarmaður hjá stofnuninni og dósent í stjórnsýslurétti við Lagadeild HÍ, samantekt um hæfisreglur á sveitarstjórnarstigi og fjallaði um það á fundi forsætisnefndar borgarinnar þann 4. október.

Loks má geta þess að starfsfólk borgarinnar fundaði í maí mánuði með sendinefnd frá portúgalskri stjórnsýslustofnun (INA) sem Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála á í samstarfi við en verkefnið er fjármagnað af Uppbyggingarsjóði EES. Á fundinum með starfsfólki Reykjavíkurborgar var m.a. fjallað um lýðræðislega þátttöku borgaranna, „Græna planið“ um framtíðarsýn borgarinnar o.fl. Fulltrúi borgarinnar var jafnframt í fimm manna hópi á vegum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála sem heimsótti INA Lissabon í september.

- 2) Alls sóttu 58 starfsmenn borgarinnar hagnýt námskeið stofnunarinnar árið 2023, þar af 47 konur. Flestir, eða 10-14 manns sóttu námskeið um tilkynningaskyldu til barnaverndar-yfirvalda, um veikindaforföll og réttindi og skyldur vinnuveitenda og starfsfólks og námskeið um brot í starfi eða utan þess og hvernig vinnustaðir eigi að (og megi) bregðast við. Sex sóttu

námskeið um hvernig fara eigi með beiðnir um aðgang að gögnum, fjórir sóttu sex vikna námskeið í stjórnsýslurétti og 1-3 sóttu nokkur önnur námskeið hjá stofnuninni.

3) Hvorugur samningsaðila hafði á árinu frumkvæði að hagnýtu rannsóknarverkefni, fyrir utan fyrrnefnd þjónustuverkefni.

4) Ekki var efnt til samstarfs aðila um málþing eða opna fundi á árinu.

Á móti þessari þjónustu stofnunarinnar greiddi Reykjavíkurborg stofnuninni kr. 2.750.000 í tveimur greiðslum, í maí og október. Framlag borgarinnar árið 2024 var að mestu leyti notað til að greiða launakostnað starfsfólks stofnunarinnar og stundakennara vegna ofangreindra verkefna, námskeiðahalds o.fl.

Skýrsla með yfirliti yfir helstu verkefni stofnunarinnar á starfsárinu 2024 (ársskýrsla 2024) fylgir með þessari greinargerð en árið 2024 var stofnunin rekin „nálægt núllinu“, eða með um 150 þúsund króna afgangi.

Virðingarfyllst,



Guðstaf Adolf Skúlason
forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála
Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands